

Starfsáætlun leikskólans Arnarberg

2025–2026



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá, þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra- og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum ásamt áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfspróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 14. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans	6
2.2 Ytra mat	11
2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	12
2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)	14
2.5 Húsnæði og lóð	15
3. Áherslur í starfi leikskólans	15
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	15
4. Starfsmannamál	16
4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní	16
4.2 Starfsþróunarsamtöl	16
4.3 Símenntun frá síðasta ári	16
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	17
5. Aðrar upplýsingar	18
5.1 Barnahópurinn 1. maí	18
5.2 Foreldrasamvinna	19
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	19
5.4 Almennar upplýsingar	20
5.5 Áætlanir	20
Fylgirit	21

1. Inngangur

Tilgangur starfsáætlunar er að varpa ljósi á hvernig skólastarf síðasta skólaárs 2024-2025 fór fram, hvað tókst vel, hvað má bæta og hverju við viljum breyta. Markmið með slíkri yfirferð er að gera stefnu og sýn leikskólans markvissari og skýrari.

Við vinnum markvisst að því að skapa læsishvetjandi umhverfi undir einkunnarorðunum Læsi er leikur, þar sem læsi snýst ekki aðeins um stafi og orð heldur einnig um að lesa í og skilja tilfinningar, líðan og samskipti. Með þessu styrkjum við þátttöku, samkennd og jafnrétti innan leikskólasamfélagsins.

Einkunnarorðin lýsa vel áherslum okkar, þar sem við vinnum með læsi í víðara samhengi. Við lítum svo á að læsi feli ekki aðeins í sér lestur bóka, við lesum líka í tilfinningar okkar og annara, umhverfi, menningu og heilsu. Metnaður hefur verið lagður í að skapa hvetjandi umhverfi til lestrarlæsis, meðal annars með daglegum bókalestri, Lubba stundum og sýnilegu ritmáli.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að skapa hvetjandi og örvandi lestrarumhverfi. Meðal annars er boðið upp á daglegan bókalestur, Lubba-stundir og sýnilegt ritmál í umhverfi barnanna. Læsi er einnig samþætt leik og daglegu starfi með því að tryggja gott aðgengi að bókum og ritföngum og með því að hvetja börnin til að leika sér með bókstafi og orð. Áhugi barnanna á bókalestri, bókstöfum og orðum er mikill, og hefur skapandi nálgun við bækur, þjóðsögur, ljóð og þulur verið fléttuð markvisst inn í starfsemi leikskólans.

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og einstakt tímabil í lífi þess. Hér hefst formleg menntun þar sem börnin læra, þroskast og móta sjálfsmynd sína í öruggu og hlýlegu umhverfi. Í nánu samstarfi við foreldra leggjum við áherslu á að börnin fái að njóta bernsku sinnar í umhverfi þar sem virðing, samvinna og traust eru í fyrirrúmi.

Í öllu okkar starfi er hagur og velferð barna í forgrunni. Við viljum skapa aðstæður þar sem börn finna fyrir öryggi og virðingu, læra í gegnum leik, félagslegtengsl og að taka virkan þátt í samfélaginu í kringum sig. Leikskólastarf á að einkennast af kærleika, virðingu, jafnrétti og lýðræðislegu samstarfi og endurspegla menningu, manngildi og mannréttindi.

Aðalnámskrá leikskóla, sem byggir á lögum nr. 90/2008, er leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf og veitir okkur skýra sýn á tilgang og markmið menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Námskráin er ígildi reglugerðar og tryggir samræmi og réttindi barna til menntunar og uppeldis um allt land. Hún hjálpar okkur að skapa gæðastarf þar sem velferð barna og virðing fyrir fjölbreytileika eru í forgrunni. Árið 2023 voru sett í lög viðbætur við Aðalnámskrá leikskóla þar sem leikurinn fær viðameiri sess en áður.

Á Arnarbergi lærir barnið í gegnum leik, samskipti, umönnun, listir og hreyfingu. Við mætum hverju barni á eigin forsendum og styðjum það í að vaxa og dafna, með það að markmiði að það upplifi sig virt og metið eins og það er. Leikurinn er hjarta daglegs starfs og í gegnum hann

þroskast sköpunarhæfni, tengsl og sjálfsmynd barna á náttúrulegan hátt. Við leggjum áherslu á sjálfsprottinn leik þar sem börnin eru virkir þátttakendur sem skapa eigin reglur og móta eigin heim.

Í haust héldum við áfram með markvisst starf með námsefnið Lubbi finnur málbein hjá öllum árgöngum. Áhugi barnanna á bókstöfum og hljóðum þeirra hefur aukist til muna með þessari nálgun.

Söngur og þulur eru mikilvæg málörvunartæki og er hvoru tveggja nýtt í okkar daglega starfi. Í samveru- og málörvunarstundum er sungið, lesið og farið með þulur. Allar deildir sameinast vikulega í söngstund í sal, þar sem deildirnar skiptast á að stýra stundunum.

Við höfum lagt áherslu á að efla tilfinningalæsi með námsefninu Vinátta – Blær hjá öllum aldurshópum ásamt því að elstu börnin fóru í „Töfrastundir“ (Stig af Stigi).

Læsi er víðtækt hugtak og höfum við lagt áherslu á að halda á lofti dögum sem tengjast læsi. Í gegnum tíðina höfum við meðal annars haldið upp á dag íslenskrar tungu, alþjóðadag barnabókarinnar, dag læsis, dag íslenskrar náttúru, daga umburðarlyndis, dag leikskólans og dag mannréttinda barna. Við höldum einnig í gamlar íslenskar hefðir svo sem bóndadag, konudag, bolludag, sprengidag og öskudag.

Margir viðburðir hafa fest sig í sessi í skólamenningunni svo sem útskriftarferð, sumarhátíð, hefðir tengdar jólum og reglulegar bókasafnsferðir.

Markmið starfsfólks Arnarbergs er að vinna metnaðarfullt fagstarf þar sem hverjum nemenda er mætt á eigin forsendum. Í skólanum starfar fjöldi fólks með ólíkan bakgrunn, víðtæka þekkingu og mikla reynslu. Sá mannauður sem við búum yfir er einn af styrkum stoðum skólans. Eitt af markmiðum skólans er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta með samábyrgð allra starfsmanna. Mikilvægt er að búa svo um í starfsumhverfi skólans að starfsfólk viti alltaf hvað er framundan, hvaða verkefni þeim ber að sinna og hvar ábyrgð þeirra liggur.

Við viljum skapa aðlaðandi starfsumhverfi sem veitir ánægju og vellíðan, ásamt því að leggja áherslu á góð samskipti og kærleik milli starfsfólks. Framlag hvers og eins er metið að verðleikum, starfsfólki eru falin verkefni sem fela í sér ábyrgð og traust. Starfsfólk er hvatt til að koma fram með hugmyndir fyrir starfið til að efla fjölbreytni og áhuga. Í ár sá leikskólastjóri um starfsmannaviðtöl, en deildarstjórar tóku einnig viðtöl við sitt starfsfólk.

Við teljum að með slíku fyrirkomulagi náist nánari samvinna innan deilda og gefi góða vísbendingu um væntingar og líðan starfsfólksins. Starfsfólk getur einnig komið með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að nýjungum og þannig haft áhrif á starfið. Deildarstjórar yfirfara svo niðurstöður m.a. í endurmati skólaársins og við vinnu að umbótastefnu viðkomandi deildar.

Samráðsteymi er við leikskólann, í teyminu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Meginhlutverk þess er að gæta hagsmuna barna og starfsfólks í leikskólanum, vernda þau og styðja. Starfsfólk og foreldrar geta vísað málum til samráðsteymis. Þar er farið yfir öll mál sem berast og unnið úr þeim á þann hátt að farsæl lausn finnist. Teymið fundar mánaðarlega.

Brúin hefur fylgt okkur frá árinu 2018. Hlutverk hennar er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Brúarteymi er skipað í hverjum leikskóla, í því sitja leikskólaskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri ásamt ráðgjöfum frá mennta- og lýðheilsusviði og fjölskyldu- og skólapijónustu. Skilvirkni Brúarinnar er góð og öll samvinna hefur gengið vel.

Leikskólinn vinnur eftir lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Farsældarlögin tóku gildi í janúar 2022, þau eru í raun með sömu markmið og Brúin hefur verið að vinna að frá upphafi. Börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:



Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og teljum mikilvægt að gott upplýsingaflæði sé á milli skóla og heimilis. Við hvetjum foreldra til að leita til okkar með málefni sem snúa að leikskólanum og þörfum barnanna. Sendir eru vikulegir póstar í gegnum Völu um starfið og það sem er framundan. Einnig eru sérstakir upplýsingapóstar sendir út um staka viðburði með tölvupósti.

Við leikskólann starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð sem vinna í samráði við stjórnendur leikskólans.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2025-2026 tekur mið af væntingum starfsfólks og þörfum skólans með það að markmiði að eftir standi öflugri starfshópur og betri skóli.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Innra starf leikskólans

Með því að skoða hvern þátt leikskólastarfsins teljum við að meiri yfirsýn fáiast og þættir þess fléttist saman í daglegu starfi með tilliti til námsþátta skólanámskrár leikskólans og Aðalnámskrá. Umræða meðal starfsfólks og foreldra um starfið og hvernig þættir tengjast skólanámskrá eru liður í betra utanumhaldi á leikskólastarfinu. Myndskráningar eru stór þáttur í mati á starfinu, ásamt því að þær gefa foreldrum innsýn í daglegt starf leikskólans og stuðla að auknum samskiptum og umræðum. Myndskráningar hafa verið sýnilegar í Völu og á sjónvarpsskjám í fataklefum.

Deildarstjórar sjá um að mat á daglegu starfi fari fram jöfnum höndum. Í því felst m.a. mat á hópastarfi, samveru- og hreyfistundum og fl. Matið er framkvæmt með skriflegum og myndrænum skráningum og umræðum á deildarfundum. Deildastjórafundir eru haldnir einu sinni í viku, þar er farið yfir áætlanir og starfið hverju sinni, það endurmetið og yfirfarið. Með því teljum við að yfirsýn verði bæði markvissari, skýrari og samtvinnuð öllum námsþáttum sem fram koma í námsskrá skólans.

Í haust vann starfsfólk að því að gera skipulag fyrir hvern mánuð starfsársins. Markmiðið var að gera mánaðarskipulagið aðgengilegra og skilvirkara. Það tókst og úr varð svonefnd „Verkefnadagbók“ sem allt starfsfólk hefur aðgang að. Við teljum að verkefnadagbókin gefi betri yfirsýn um hvað er framundan hverju sinni og hjálpi deildum að samræma skólastarfið.

Jafnframt fylgja deildir ákveðnu dagsskipulagi sem hefur reynst vel. Við munum halda dagsskipulagi óbreyttu með ákveðnum sveigjanleika hér og þar.

Á fyrra skólaári tóku yngri deildir leikskólans upp hringekjukennslu í hópastarfi. Kennslufyrirkomulagið gengur út á að barnahópnum er skipt í 3-4 hópa og að hver hópur færist á milli mismunandi stöðva. Tilgangurinn er að mæta hverju barni þar sem það er statt og að öll börn fái sömu kennsluna yfir daginn. Aðferðin reyndist vel og í vetur var hún tekin upp á öllum deildum innan leikskólans.

Vettvangsferðir hafa verið markvissari í ár, ýmsir námsþættir hafa verið teknir með í ferðirnar. Við grípum form, bók- og tölustafi á okkar leið og fræðumst um náttúruna og umgengni við hana. Vettvangsferðir efla jafnframt hreyfi- og félagsþroska, þar sem áhersla er lögð á að börnin læri að bera virðingu fyrir hvoru öðru, vera saman í hóp og ganga í röð. Þessi vinna hefur skilað sér í þreki og hjálpssemi milli barnanna og aukinni færni í að tilheyra hópi. Umhverfislæsi hefur vaxið og börnin eru orðin meðvitaðri um nærumhverfi sitt og umgengi við það.

Undanfarin ár höfum við notast við fyrirkomulag sem við köllum flæði. Flæði hefur verið nýtt síðdegis til að létta undir, með samvinnu á milli deilda þar sem börnin velja svæði eftir áhugasviði og því sem er í boði á hverri deild. Þetta hefur reynst vel, aukið samveru og samskipti barna á milli deilda og auðveldað okkur breytt vinnuumhverfi sem kom með betri vinnutíma. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og munum við leggja okkur fram við að þróa það áfram og bæta enn frekar næsta skólaár.

Öll börn leikskólans fara í listastofuna einu sinni í viku. Listastofan er skapandi rými þar sem leikur og sköpun fara saman. Þar fá börnin tækifæri til að tjá sig, láta hugmyndaflugið njóta sín og þróa skapandi hæfileika sína. Notaður er fjölbreyttur, opinn og endurnýtanlegur efniviður, og lögð áhersla á ferlið sjálft og ýtt undir að vinnan snúist um gleðina við að skapa og læra í gegnum tilraunir og eigin reynslu, frekar en að loka útkoman sé fullkomin og formföst.

Þrír matslistar eru notaðir til að meta stöðu allra barna hér á leikskólanum, það eru Orðaskil (við 2 ára og aftur við 3 ára aldur), HLJÓM-2 (elstu börn) og TRAS (stöðugt mat í gegnum leikskólagönguna). Við nánara mat notum við eftirfarandi lista: Íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, Snemmtæk íhlutun 2-3 ára, Könnun Gerd Strand, AAL og AEPS.

Læsi

Læsi skipar sérstakan sess á Arnarbergi. Við tengjum það við daglegt líf barnanna, bæði í sjálfsprottnum leik og í skipulögðu starfi.

Einkunnarorð Arnarbergs „Læsi er leikur“ eru mjög lýsandi fyrir vinnu okkar með börnunum til að örva málþroska þeirra. Læsishvetjandi leikskólastarf er rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Börnin sýna mikinn áhuga á bókum, bókstöfum og öðru læsishvetjandi efni. Áhersla er lögð á lestur bóka og að bækur séu ávallt í umhverfi barnanna og þeim aðgengilegar. Áhuginn hefur leitt af sér mörg skemmtileg verkefni, má þar nefna vinnu með sögur, ljóð og þulur í mörgum þáttum sköpunar s.s. í listastofu, leikræni tjáningu og framsögn.

Haustið 2023 var námsefnið „Lubbi finnur málbein“ innleitt að fullu, áður höfðu eingöngu elstu börn verið í Lubbastundum einu sinni í viku. Þessi vinna hefur farið vel af stað á öllum deildum með góðum árangri. Allar deildir fylgjast að í málhljóðum/bókstöfum og er unnið með eitt málhljóð í hverri viku. Á öllum deildum er unnið með Lubba í hópastarfi, þar sem m.a. er dregið til stafs, leitað að orðum sem byrja á eða innihalda hljóðið og hlutir/myndir skoðaðar

sem byrja á hljóðinu. Jafnframt eru vettvangsferðir nýttar í að leita að bókstöfum og tengingum við þá. Á eldri deildum byrja allar samverustundir með Lubbalagi vikunnar. Nánari upplýsingar má finna á www.lubbi.is

Lesið er daglega á öllum deildum fyrir börnin í hópastarfi og/eða samveru, ákveðin orð og orðasambönd eru útskýrð ásamt því að innihald og boðskapur viðkomandi sögu er ræddur. Samverustundirnar eru hafðar fjölbreyttar með söng, leikjum, framsögn og dansi. Í fyrstu samverustund dagsins fara umsjónarmenn í hlutverk veðurfræðings, tala um veðrið og viðeigandi fatnað og hvað er framundan þann daginn. Þetta hefur verið gert á báðum eldri deildum en á næstkomandi starfsári er stefnt að því að bæta inn veðurfræðingi hjá yngstu deildunum. Málörvun og hljóðkerfisvitund eru hluti af því sem unnið er með í ofantöldum stundum, ásamt því að efla orðaforða og málskilning.

Tveir elstu árgangarnir fara í sögustund á bókasafninu tvisvar sinnum í mánuði. Þar læra börnin einnig góða umgengni og að bera virðingu fyrir bókasafninu.

Á öllum deildum hanga uppi orðflokkeggspjöld í augnhæð barnanna til að auka fjölbreytni í orðanotkun. Börnin sýna þessum spjöldum mikinn áhuga og hafa skapast áhugaverðar umræður um orðin að þeirra frumkvæði.

Mat okkar er að hljóða- og bókstafaþekking sé góð hjá öllum aldurshópum og upplifum að börnin sýni áhuga á lesmáli. Sum börn eru farin að hljóða sig í gegnum stök orð og önnur byrjuð að lesa. Þessi vinna hefur jafnframt ýtt undir færni og áhuga barnanna á að draga til stafs. Tónlistin sem fylgir Lubba höfðar vel til allra barna, en nær sérstaklega vel til yngri barna sem hafa tileinkað sér málhljóðin í gegnum lögin sem fylgja hverju málhljóði. Áhugi á bókum er mikill í barnahópnum sem sýnir sig meðal annars í því að þau ná sér sjálf í bækur í amstri dagsins og eiga sína stund eða lesa hvort fyrir annað.

Í vor voru settar upp skiptibókahillur í anddyri leikskólans. Þar geta foreldrar komið með bækur að heiman sem þau eru hætt að nota og mega taka með sér bækur sem aðrar fjölskyldur hafa skilið eftir. Með þessu fá fjölskyldur tækifæri til þess að kynnast nýjum og fjölbreyttum bókum og börn fá aðgang að meira úrvali lesefnis heimavið. Verkefnið er liður í að efla lestur og auka tengsl á milli heimilis og skóla. Einnig er verkefnið umhverfisvæn leið til að endurnýta bækur og sýna sjálfbærni í verki.

Heilsa – Hreyfing

Leikskólinn Arnarberg hefur skráð sig sem heilsueflandi leikskóli, sem er fyrsta skrefið í því ferli. Verkefnið er á vegum Embættis landlæknis, nánari upplýsingar má finna á www.island.is/heilsueflandi-leikskoli. Sem dæmi má nefna að einn liður í þessu verkefni er aukið aðgengi barnanna að vatni. Börnin mæta með sína eigin brúsa sem þau hafa aðgang að hvenær sem þau vilja.

Undanfarin ár hefur íþróttaiðkun þriggja elstu árganganna í Bjarkarhúsinu verið fastur liður í leikskólastarfinu. Stundirnar byrja á upphitun með kennara sem felur í sér léttar æfingar,

teygjur og leiki með öllum hópnum. Að upphitun lokinni er frjáls tími þar sem börnin efla hreyfifærni sína. Í þessum stundum æfa elstu börnin sig jafnframt að umgangast búningsklefann og að skipta um föt sem er gott veganesti fyrir komandi grunnskólagöngu.

Allar deildir eiga einn dag í viku í salnum í leikskólanum sem nýttur er til ýmiskonar hreyfiverkefna, t.d. þrautabrautir, stöðvápjálfun, boltaleikir, klifur, núvitund o.fl.

Núvitund var innleidd í starfið í vetur með það að markmiði að auka færni barnanna við að skapa sér innri ró og öðlast betri stjórn á tilfinningum sínum og huga. Þetta er róleg stund þar sem gerðar eru léttar stöður og slökunaræfingar.

Danskennsla er einu sinni á ári fyrir alla aldurshópa, einu sinni í viku, sex vikur í senn. Þá kemur til okkar danskennari sem kennir börnunum nokkur undirstöðuatríði í dansi þar sem fara saman leikur, gleði, söngur, samhæfing og félagsleg samskipti. Undanfarin ár hefur foreldrum verið boðið á danssýningu úti með öllum börnum á sumarhátíð leikskólans

Á hverju vori fara elstu börnin á sundnámskeið, þar fá þau tækifæri til að efla sjálfstæði sitt í búningsklefum og sundlauginni sem er mjög góður undirbúningur fyrir komandi grunnskólagöngu.

Mikil gleði og spenna er hjá börnunum fyrir öllum hreyfistundum en færst hefur meiri ró yfir barnahópin eftir að núvitundarstundir urðu hluti af starfinu. Bjarkarhúsið vekur alltaf áhuga og gleði hjá börnunum og eru það mikil forréttindi að hafa gott aðgengi að þessari aðstöðu í nokkurra skrefa fjarlægð frá leikskólanum. Vatnsdrykkja hefur aukist hjá börnunum með auknu aðgengi. Dansinn eykur sjálfstraust, tjáningu, sköpunargleði og sjálfsöryggi barnanna og sjáum við það í framkomu þeirra og fasi.

Félagsfærni

Blær–Vináttuverkefni Barnaheilla er unnið hér í leikskólanum, efnið stuðlar að aukinni félagshæfni barna og vinnur gegn einelti. Hugmyndafræðin hefur verið fléttuð inn í starf og amstur dagsins, börnin gripin í ákveðnum aðstæðum og þeim hjálpað að kljást við það sem á bjátar. Almenn ánægja er með þetta námsefni og bangsinn Blær nær einstaklega vel til barnanna. Nánari upplýsingar um efnið má finna á www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu.

Haustið 2023 var farið af stað með námsefnið Stig af Stigi með elstu börnunum. Börnin nefndu stundina „Töfrastund“. Hugmyndafræði námsefnisins er að kenna börnum að setja tilfinningar sínar í orð, lesa í þær hjá sjálfum sér og öðrum, ásamt því að læra að setja sig í spor annarra. Börnin lærðu einnig að vera meðvituð um persónulegt rými sitt og sköpuðust um það sem áhugaverðar samræður.

Með markvissri eflingu í félagsfærni teljum við að bætt framkoma, hjálpssemi og umhyggja milli barnanna aukist. Mat starfsmanna er að þessi námsefni séu ómissandi í erli dagsins, þau skapi ró og vinsemd barnanna á milli.

Viðburðir

	Hvað var gert
16. september Dagur íslenskrar náttúru	Starfsfólk kom með ýmislegt tengt náttúrunni okkar svo sem gróður, steina og uppstoppuð dýr. Börnin fengu að skoða og snerta sumt sem skapaði svo umræðu og aukna þekkingu á umhverfi okkar.
31. Október Hrekkjavaka,	Börnin komu í búningum/náttfötum. Andlitsmálun. Ball í salnum. Hrekkjavökubingó.
8. október Brunaæfing	Farið var yfir mikilvægi brunavarna með börnunum og viðbragðsáætlun. Skólahópur fékk heimsókn frá slökkviliðinu (23. september).
16. nóvember Dagur íslenskrar tungu Afmæli Lubba Fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar	Lestrarstundir í sal og inni á deildum. Áhersla lögð á bækur eftir íslenska höfunda. Börn og starfsfólk mætti í lopapeysum/prjónapeysum.
6. febrúar Dagur leikskólans	Börnin gerðu listaverk, meðal annars kórónur. Önnur fyrirhuguð dagskrá féll niður vegna rauðrar veðurviðvörunnar.
14. febrúar Öskudagur	Haldið var í hefðir dagsins með búningadegi og balli, þar sem kötturinn var sleginn út tunnunni.
2. Apríl Alþjóðadagur barnabókarinnar Fæðingardagur H.C. Andersen	Þessi dagur fórst fyrir hjá okkur þetta árið en úr því verður bætt á næsta skólaári.

Í tilefni bóndadags var afa og/eða pabba boðið í síðdegisheimsókn. Í tilefni konudags var ömmu og/eða mömmu boðið í síðdegisheimsókn.

Rétt fyrir jól fengum við heimsókn frá leikkonunni Þórdísi Arnljótsdóttur, hún sýndi leikritið: Leikhús í tösku- Grýla og jólasveinarnir. Leiksýningin var í boði foreldrafélagsins og mikill áhugi er á að slíkar sýningar verði árlegur viðburður.

Á vorin fá elstu börnin umferðarfræðslu á vegum Umferðaskólans. Efnið kemur til okkar frá Samgöngustofu og er í höndum kennara að miðla efninu. Slökkviliðið kom einnig í heimsókn á haustdögum og fór yfir brunavarnir með elstu börnunum.

Elstu börnin fóru í ýmsar menningarferðir í vetur, þar má nefna Sinfóníutónleika í Hörpu, leiksýningu í Þjóðleikhúsinu, heimsóknir í Árbæjarsafnið, Iðnmark, Beggubúð og Siggubæ. Einnig fóru þau í dagsferð í Vatnaskóg í tilefni af útskrift þeirra.

Næst elsti árgangur skólans fer ár hvert í Sívertsenhúsið og fræðist um gamla tíma og bæinn okkar.

Hjóladagur hefur verið haldin að vori en féll niður þetta árið vegna veðurs. Þá mæta börnin með sín hjól og hjálma, yngri börnin hjóla inni í garðinum okkar en þau eldri fara á bílaplanið hjá Bjarkarhúsinu. Hjóladagurinn er í endurskoðun til dæmis vegna þess að bílaplönin eru orðin yfirfull af bílum og hjólhýsum og er aðgengi því ekki nærri því eins gott að það var áður.

Snemmsumars fengum við heimsókn frá Diljá Hvannberg Gagu, barnabókahöfundu sem las upp fyrir börnin úr bók sinni Árstíðarverur í sal leikskólans.

Margir viðburðanna hér að ofan eru orðnir hluti af menningu skólans. Þeir hafa gengið vel og skapað fjölbreytni í starfinu. Þó að Alþjóðadagur barnabókarinnar hafi ekki komist að í ár þá verður bætt úr því á næsta skólaári.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar hafa verið nýttir til námskeiða, kynnisferða, deildarvinnu og fyrirlestra. Ávallt er markmið þessara daga að efla og styrkja starfsfólk í leikskólastarfinu ásamt því að skipuleggja og samræma starfið. Einnig hefur verið lögð áhersla á að þetta starfsmannahópin með ýmiss konar hópefli. Mat okkar er að skipulagsdagar hafi verið nýst vel og þekking aukist á hinum ýmsu málefnum. Í heildina hefur gengið vel að fylgja þeim áformum sem lagt var upp með. Hópastarfið hefur nýst sérstaklega vel, þar sem mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin og áhugi barnanna ávallt mikill. Börnin búa yfir miklum sköpunarkrafti og vilja til að takast á við ný verkefni. Mat starfsmannahópsins er að skólaárið 2024-2025 hafi almennt gengið vel og að flestir þættir sem lagt var af stað með hafi gengið upp og séu þess verðir að eiga sinn stað okkar starfi. Þar má þá helst nefna vinnu með Lubba og Blæ, vettvangsferðir, hópastarf, samverustundir og listastofu. Allir þessir þættir byggja á skapandi starfi, málörvun og læsishvetjandi aðferðum.

2.2 Ytra mat

Á vormánuðum 2025 var lögð fyrir starfsmannakönnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar, sem unnin var af Prósent. Spurningalisti var sendur á allt starfsfólk í gegnum tölvupóst. Fjöldi svara

var 14 af 26 starfsmönnum. Könnunin samanstóð m.a. af þáttum tengdum vinnustaðnum sjálfum, líðan starfsmanna, stjórnun og starfinu.

Hafnarfjarðarbær sendi einnig út könnun sem unnin var af Skólalúsinum, starfsmannakönnun sem samanstóð af, uppeldi og menntun, vikni foreldra í leikskólastarfinu, undirbúningstímar, þróunarstarf og símenntun. Svarhlutfallið var 19 starfsmenn af 22. Starfsmenn voru almennt ánægðir í starfi og höfðum við bætt okkur frá fyrri könnun. Út frá niðurstöðum þessa kannanna munum við vinna umbótaáætlun þar sem lögð verður áhersla á upplýsingaflæði, samvinnu, líðan og jákvætt viðhorf okkar á milli og í samskiptum við foreldra.

Í vetur höfum við unnið í eflingu starfsanda með fyrirlestrum, hópefli og samveru. Starfsaðstæður hafa verið bættar með nýjum kennarastólum, betri lýsingu og bættri hljóðvist. Allir starfsmenn hafa fengið fræðandi fyrirlestra á skipulagsdögum sem nánar verður gert grein fyrir síðar. Þá hafa einnig stakir starfsmenn tekið hin ýmsu námskeið bæði á vegum Hafnarfjarðarbæjar og einkaaðila. Vefnámskeið hafa bætt framboð og aðgengi starfsfólks að endurmenntun. Starfsfólk telur það mikilvægt að taka jákvætt á þeim áskorunum sem geta komið upp.

2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Ákveðið var að halda áfram að skoða sérstaklega þá þætti í leikskólastarfinu sem tengdust læsishvetjandi vinnu, hópavinnu, heilsu, félagsfærni og skráningu.

Við munum halda áfram að þróa vinnuna með Lubbi finnur málbein, þar sem bætt verður við nálgunum í tengslum við það, til dæmis færa vinnuna meira út fyrir dyr leikskólans og nýta betur verkefnakassana í hópastarfi.

Deildir munu samræma hvaða orðflokaspjald er í vinnslu hverju sinni við þema mánaðarins ásamt því hversu lengi þau munu standa.

Lestur heldur áfram að vera stór þáttur í okkar starfi, við munum einbeita okkur að því að lesa fyrir minni hópa í einu svo hvert barn fái að njóta sín. Jafnframt munum við halda áfram að vinna með lesskilning barnanna, með því að skapa umræðu um sögurnar sem lesnar eru og leyfa börnunum að æfa framsögn með því að endursegja. Sumar sögur munu einnig fá aukið vægi með ýmsum verkefnum og listsköpun tengdum þeim.

Markmið með hópatímum er að vinna með alla grunnþætti menntunar og námsviðin, saman og sitt í hvoru lagi. Hringekjukennsla reyndist vel á yngri deildum leikskólans á fyrra skólaári og hafa allar deildir leikskólans tekið upp sama fyrirkomulag. Stefnt er að því að halda áfram með hringekjukennslu og fínþússa þá aðferð. Við viljum gera grunnþætti menntunar sýnilegri fyrir foreldrum, svo þeir fái tilfinningu fyrir hvernig við nálgumst hvern þátt.

Vinna með heilsu og heilsueflingu verður þróuð áfram með tilliti til verkferla Heilsueflandi leikskóla. Göngutúrar verða áfram vikulegur liður í skólastarfinu hjá eldri börnum. Við munum

halda áfram með fastar núvitundarstundir í sal en jafnframt auka þær inni á deildum m.a. í samverustundum og við matarborð.

Samfélagið hefur breyst mikið undanfarin ár og hraðinn orðinn meiri. Við viljum því hjálpa börnunum okkar að ná betri tökum á tilfinningum sínum og auka samkennd þeirra á milli. Blær mun halda sínu hlutverki sem vinur og félagi, einnig munum við gera Blæ sýnilegri í starfinu og námsefni hans aðgengilegra í umhverfinu. Unnið hefur verið með Stig af Stigi (Töfrastund) með elstu börnum einu sinni í viku til að styrkja félagsfærni og tilfinningalæsi hjá elsta hópnum og munu þær stundir halda áfram næsta skólaár.

Mat starfsfólks er að skráningar hjálpi mikið til að meta starfið. Markvissari skráningar auka gagnsæi sem auðvelda starfsfólki að átta sig á því hvað gengur vel og hvað betur mætti fara. Skráning er mikilvægur leiðarvísir að bættu og sívirknu mati en jafnframt mikilvæg leið til að gera það besta hverju sinni. Skráningar hafa verið gerðar skriflega og á myndaformi.

Áfram verður þeim tyllidögum sem hafa átt sinn þátt í leikskólastarfinu gert hátt undir höfði. Við munum einnig bæta við flórana, alþjóðadegi móðurmáls og vilji er fyrir því að festa í sessi kærleiksviku í febrúar.

Í kringum alþjóðadag móðurmáls stefnum við á að hafa menningarviku. Rætt verður um ólíka menningu, þjóðerni og lönd. Fánar verða gerðir sýnilegir um leikskólann og börnin fá að búa til sína eigin fána. Einnig er hvatt til þess að börn og starfsfólk komi með föt eða muni frá sínum menningarlegum bakgrunni til að vekja athygli á ólíkri menningu.

Á degi stærðfræðinnar stefnum við á að nálgast stærðfræðihugtök í gegnum leik og sköpun.

Þá munum við endurvekja alþjóðadag barnabókarinnar með sögustund í sal ásamt því að börnin fá að velja sér bækur á bókasafni skólans og lesa inni á deildum. Við munum kynna fyrir börnunum að bækur séu frá mörgum löndum og á ýmsum tungumálum.

Skipulagsdagar hafa verið og verða áfram nýttir meðal annars til námskeiða, fræðslu og samráðs með öllu starfsfólki. Áfram verður lögð áhersla á þá þætti sem símenntunar- og umbótaáætlun kveður á um. Starfsmannafundir verða eins og áður nýttir til skipulags og samráðs innan og milli deilda og fyrir allan skólann. Skipulagsdagar að morgni frá kl. 8:00-10:00 verða áfram notaðir til samráðs og skipulags, ásamt reglulegum deildarfundum þar sem hver deild ræðir sín málefni. Einnig er þessi tími nýttur fyrir stutta fyrirlestra og örnámskeið. Næsta skólaár verður einn og hálfur skipulagsdagur nýttur í námsferð fyrir starfsmenn frá 22.apríl e.h. til 24.apríl 23.apríl er sumardagurinn fyrsti og er þá frí í leikskólanum.

Deildarstjórar bera ábyrgð á starfi inni á deildum og framkvæmd verkefna. Almennt skipulag og ákvarðanatataka er á ábyrgð allra stjórnenda.

Unnið verður með umbótaáætlun með tilliti til þessa endurmats og samræmdar niðurstöður kannanna starfsfólks.

Foreldrafundur hefur verið haldin undanfarin ár að hausti þar sem foreldraráð og foreldrafélag kynna sína starfsemi, einnig kynna deildarstjórar vetrarstarfið. Aðgengi foreldra að skólanámskrá og stefnu skólans verður kynnt ítarlega á foreldrafundi að hausti í viðtölum og með tölvupósti.

Í vor var í annað sinn haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra þar sem skólinn, stefna hans og dagsskipulag, var kynnt. Fundurinn var haldinn að vori með það að markmiði að flýta fyrir undirbúningi og aðlögun nýrra barna að hausti.

2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)

Stefnt er að því að efla áfram færni starfsmannahópsins á sem flestum sviðum, svo sem í uppeldisfræðilegum skráningum, Lubba, Blæ og öðrum læsistengdum þáttum. Með markvissri fræðslu og vinnu teljum við að auka megi þá þætti skólastarfsins. Mikilvægt er að hafa mat skipulagt og markvisst fyrir allt faglegt starf leikskólans. Þá er auðveldara að halda utan um einstaka þætti og bera saman við grunnþætti leikskólastarfsins og sameina um leið allt samþætt starf sem fram fer innan skólans. Með því erum við að beina sjónum að öllum námsþáttum sem flæðir inn í daglegt starf og eflir alla þroskaþætti barnanna.

Áætlað er að gera skráningar jafnóðum í hverri viku sem svo eru teknar saman og metnar einu sinni í mánuði. Mánaðarlega skipulagið „Verkefnadagbókin“ verður hjálpartækið okkar við þessa vinnu. Lokamat er svo gert í lok hverrar annar. Með þessu er kominn vegvísir að áframhaldandi starfi sem auðveldar okkur að koma auga á hvað þarf að bæta og einnig hvað hefur gengið vel og vert er að halda áfram með. Það gefur tækifæri til að meta líðan barnanna, þátttöku þeirra og virkni í skráðum námsþáttum.

Skráningar á læsistengdum þáttum eru metnar til áframhaldandi vinnu. Einnig er unnið með einstaklingsmiðaðar kannanir eins og Orðaskil, HLJÓM-2 og TRAS. Það gefur tækifæri til að vinna sérstaklega með þau börn sem þurfa aukið utanumhald og jafnframt vinna með litla hópa og tiltekin verkefni. Þá höfum við notað verkfæri sem kallast Gefðu tíu en það felst í því að gefa barni aukna athygli og tala sérstaklega við það yfir daginn með málörvun í huga.

Innleiðing umhverfis- og heilsustefnu er hafin. Þar er lögð áhersla á hollt fæði, góða líkamsvitund og hreysti. Við hreyfum okkur meira m.a. með útinámi allt árið og aukum umræðum um heilsu, eins og til að mynda tannheilsu í tannverndarvikunni og heilsueflingu í ávaxtavikunni. Samhliða þessu flokkum við sorp og höfum gert flokkunina sýnilegri.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru meðal annars matstæki þar sem unnið er með ljósmynda-skráningar, myndbandsbrot og skriflegar skráningar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun og er vilji til að þróa hana áfram. Skráningarnar eru nýttar til að meta áframhaldandi leikskólastarf. Allir starfsmenn taka þátt í að meta starfið og börnin fá einnig að taka þátt í matinu. Foreldrar meta starfið í könnunum sem gerðar eru annað hvert ár.

2.5 Húsnæði og lóð

Útileiksvæði barnanna er í fallegu og náttúrulegu umhverfi þar sem hraun og klettur fá að njóta sín ásamt því að vera áskoranir í leik barnanna.

Húsnæði skólans er í góðu standi og tilfallandi viðgerðir gerðar jöfnum höndum. Lóð skólans er stór með góðum leiktækjum sem tekin voru í gegn sumarið 2022. Grasflatir hafa verið lagaðar og settar gúmmímottur á viðkvæm svæði.

Að vori ár hvert koma fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar, garðyrkjustjóri og verkefnastjóri framkvæmda og meta stöðu húsnæðis og lóðar og þörf fyrir umbætur. Í vetur hafa verið unnar umbætur á húsnæði skólans með bættri hljóðvist og lýsingu. Náðst hefur að klára öll rými skólans hvað þetta varðar, nema salinn þar sem vinna er hafin að betri hljóðvist.

Grindverk við endann á litla garði verða löguð þannig að garðurinn verði barnheldur og einnig verða rólurnar og jarðvegurinn undir þeim við hinn enda garðsins lagaðar sumarið 2025.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Aðalverkefni okkar næsta skólaár verður áfram læsishvetjandi umhverfi í leikskóla ásamt því að efla umhverfis- og heilsulæsi. Markviss málörvun í gegnum leik og skapandi starf hefur verið og verður áfram áhersluþáttur og mun *Lubbi finnur málbein* verða áfram rauður þráður í daglegu starfi leikskólans. Markmið okkar er að nemendur okkar verði meðvitaðir um bókstafi og hljóð þeirra, að þau verði betur í stakk búin til að hefja lestrarnám ásamt því að efla samvinnu og félagsleg tengsl. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessum þætti starfsins sem og öðru starfi sem fram fer á deildinni. Skráningar, skriflegar og myndrænar, verða helstu tækin til að meta starfið og um leið verða þær hluti af sjálfsmati leikskólans.

Áfram verður áhersla á lestrastundir og hugtakaskilning með börnunum svo orðaforði barnanna aukist. Vinna með þulur, söngva, hugtök og tölustafi eru mikilvægir grunnþættir í leið barnanna til læsis. Með því að setja markvisst orð á athafnir og halda uppi lifandi samtölum í daglegu starfi, stuðlum við að auknum orðaforða og dýpri málskilningi. Sérstök áhersla er lögð á að draga fram stök orð og útskýra þau.

Hreyfiproski barnanna verður áfram í fyrirrúmi með þrautabrautum í sal leikskólans, föstum tímum í Bjarkarhúsi, ásamt reglulegum vettvangsferðum. Í vettvangsferðum og öðru útinámi munum við leitast við að efla sjálfbærni með það að markmiði að börnin verði virkir og þroskaðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi. Með þessu viljum við kveikja forvitni barnanna til að leita lausna, skilja orsök og afleiðingu og kenna þeim að bera virðingu fyrir

umhverfi sínu og náttúru. Með núvitund aukum við færni barnanna í að öðlast kyrrð og ró í eigin sjálfi með Blæstundum, núvitund og kyrrðarstundum.

Áhersla á skapandi störf barnanna eiga sinn sess í öllu starfi þar sem sköpunarkraftur barnanna fær að njóta sín eins og til dæmis í listsköpun, hreyfingu, sjálfsprottnum leik og fleira. Þar er lögð áhersla á að hugmyndir og tilfinningar barnanna fái að skína í gegnum verk þeirra.

Menning er samofin öllu starfi leikskólans og verður áfram með heimsóknum á ýmsar sýningar og menningarviðburði, ásamt því að læra í gegnum sögur nýrra og gamalla tíma.

4. Starfsmannamál

4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Markmið okkar er ávallt að fjölga í faghópnum, næsta skólaár munu fimm starfsmenn stunda nám í leikskólakennarafræði.

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	8	7,85	Leyfisbréf
Annað háskólapróf	7	6,96	B.S. Sálfræði, B.A. Heimspeki, M.A. Sagn- og samskiptafræði, B. A. Uppeldis- og menntunarfræði, B.A. Hagfræði, M.Sc hjúkrunarfræði, B. Ed Leikskólakennarafræði
Leikskóla- og frístundaliðar	10	9,49	Ófaglært starfsfólk
Starfsfólk í eldhúsi	1	1,00	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl eru tekin að vori ár hvert. Deildarstjórar taka viðtöl við sitt starfsfólk á fyrirfram ákveðnum tímum. Þar fer fram samtal um frammistöðu og markmið starfsmannsins. Þetta hefur mælst vel fyrir og það er mat deildarstjóra að þetta styrki tengsl þeirra við sitt starfsfólk þegar svona tækifæri gefst þar sem markvisst er rætt um einstaka þætti starfsins, líðan og væntingar hvers og eins. Í þessum samtölum fær starfsfólk tækifæri til að koma með athugasemdir og hugmyndir um starfið og koma með óskir um símenntun. Samantekt úr samtölum er svo nýtt í endurmati deildar og ákvarðanatöku um símenntun. Leikskólastjóri tekur svo viðtöl við starfsfólk með áherslu á að kanna líðan og framtíðarsýn hvers starfsmanns.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Markmið símenntunar er að efla og auka þekkingu starfsfólks. Allt starfsfólk tók þátt í fjölbreyttum námskeiðum á sameiginlegum skipulagsdegi leik- og grunnskóla í byrjun

haustannar. Deildarstjórar og sérkennslustjóri sátu kraganámskeið um foreldrasamvinnu. Þó nokkur námskeið voru haldin á vegum Mennta- og lýðheilsusviðs sem stakir starfsmenn sátu, má þar meðal annars nefna *Fræðsla um flókinn/fjölpættan áfallavanda og námskeið um málþroska og undirstöðupætti læsis fyrir ófaglært starfsfólk leikskóla*. Einn starfsmaður lauk PTMO grunnmenntunarnámskeiði, annar TRAS réttindanámskeiði og þriðji fór á námskeiðið *Tónlist með börnum*. Þrír starfsmenn fóru á námskeiðið *Að styrkja jákvæða hegðun*.

Á skipulagsdögum voru eftirfarandi námskeið og fyrirlestrar fyrir allt starfsfólk leikskólans: Skyndihjálparnámskeið, námskeið um kvíða barna, fyrirlestur um heilsuefandi leikskóla og einnig var fyrirlestur frá Hugarfrelsi um jákvæða sálfræði og núvitund.

Þrír starfsmenn af erlendum uppruna sóttu íslenskunámskeið sem miðað er að leikskólastarfi, á vegum Menntafléttunnar. Námskeiðið sem heitir *Íslenskuborp* var kennt frá september fram í maí og saman stóð af mánaðarlegum fyrirlestrum, íslenskutímum einu sinni í mánuði og verkefnum. Kennt var í gegnum fjarfundabúnað og komu gestafyrirlesarar sem eiga það sameiginlegt að vera erlendir að uppruna en starfa á leikskólum á Íslandi. Tveir starfsmenn leikskólans voru leiðbeinendur á meðan námskeiðinu stóð. Eftir námskeiðið héldu starfsmennirnir kynningu á því sem þeir höfðu lært í vetur fyrir starfsfólk leikskólans. Arnarberg var einn af þrjátíu leikskólum sem tóku þátt í verkefninu.

Leikskólastjórnendur sóttu námskeið og fyrirlestra á stjórnendadögum, jafnframt sóttu þeir vefyfyrirlestra sem haldnir voru af Mennta- og lýðheilsusviði og Félagi Stjórnenda leikskóla. Leikskólastjóri sótti ýmis námskeið, meðal annars námskeið í tengslum við Farsæld barna, Skjánotkun barna og Menning á vinnustað. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu námskeiðin Valdeflandi leiðtogahæfni og Hæglátt samfélag.

Á síðasta skólaári var áhersla lögð á að styrkja starfsmannahópinn sem eina heild. Meðal annars var haldið skemmtikvöld þar sem uppistandari hélt uppi fjörinu og svo var haldin spurningakeppni á milli deilda. Hópurinn fór saman á jólahlaðborð í vetur sem vakti mikla lukku. Fyrir árshátíð Hafnarfjarðar hittist hópur starfsmanna til að hrista saman hópinn áður en haldið var á árshátíðina. Almenn ánægja var með þessa viðburði og stefnt verður að því að bæta inn fleiri félagslega eflandi viðburðum.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Áherslur næsta skólaárs í símenntun starfsmanna byggir fyrst og fremst á að halda áfram að styðja við og byggja ofan á læsisstefnu leikskólans og þróa starfið með *Lubbi finnur málbein*. Kennarar sækja læsistengd námskeið þegar þau eru í boði.

Jafnframt eru áform um að fleiri kennarar taki námskeið í HLJÓM-2 og TRAS, til að sem flestir kennarar þekki og geti nýtt sér þessi verkfæri. Skipulagsdagar og starfsmannafundir verða nýttir til sameiginlegrar fræðslu fyrir starfsmenn svo sem með fyrirlestrum og endurmati. Áfram verður haldið að styrkja starfsmannahópinn með ýmiskonar hópefli.

Starfsmenn munu sem fyrr sækja námskeið sem Mennta- og lýðheilsusvið og Kraginn standa fyrir en þar er fjölbreytt úrval námskeiða. Starfsmenn í sérkennslu sækja þau námskeið sem Ráðgjafar- og greiningarstöð býður upp á og henta okkar börnum hverju sinni. Ráðstefnur og málþing sem verða í boði og þykja henta okkar markmiðum svo sem um læsi og heilsu- og umhverfiseflingu verða sótt eftir því sem við á. Vorið 2026 verður farið í námsferð erlendis.

Annað hvert ár hefur allt starfsfólk leikskólans setið skyndihjálparnámskeið, komið er að því næst haustið 2026.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

Fjöldi barna í leikskólanum	80 börn
Kynjahlutfall	38 drengir /42 stúlkur
Dvalarstundir	626
Deildargildi	818,21
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu skv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. Flokki	1 barn
Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).	26 börn
Fjöldi barna með ofnæmi	2 börn
Fjöldi barna með fæðuóþol	3 börn
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	18 börn
Fjöldi tungumála	13
Þjóðerni forsjáraðila	• íslenskt • serbókróatískt • serbneskt • pólskt • rússneskt • spænskt • filippseyskt • albanskt • Lettneskt • venesúelskt • grískt • kólumbískt • afganskt • króatískt • argentínskt • sænskt • korsískt • tékkneskt

5.2 Foreldrasamvinna

Við eigum gott samstarf við foreldra sem er mikilvægt fyrir velferð allra sem koma að skólanum. Foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólann og það sem hann stendur fyrir. Í foreldraviðtölum hefur komið fram ánægja með skólann og að líðan barna sé góð. Við leggjum áherslu á móttöku barna, tökum vel á móti börnunum að morgni og kveðjum í lok dags. Við leggjum okkur fram við að eiga gott samstarf með foreldrum og erum alltaf til staðar og tilbúin að hlusta á það sem betur má fara og vel er gert. Starfsfólk skólans hefur lagt metnað sinn í að koma upplýsingum til foreldra eftir bestu getu, meðal annars með samtölum, tölvupóstum, tilkynningum á Völu og auglýsingum í fataklefa.

Fastir dagar þar sem foreldrum/ömmum og öfum var boðið í morgunmat var breytt í síðdegisheimsóknir, almenn ánægja var með þessa breytingu og verða heimsóknirnar áfram með þeim þætti. Þetta eru dagar sem nánustu aðstandendur koma og njóta þess að vera með börnum sínum í leikskólanum.

Foreldraviðtöl eru boðuð einu sinni á ári. Farið er með foreldrum yfir þroska barna þeirra, líðan. Foreldrum stendur alltaf til boða viðtöl við kennara og stjórnendur eftir eigin óskum og þörfum.

Á hverju hausti eru haldnir stærri foreldrafundir þar sem Foreldrafélagið fer yfir starf síðasta árs, þar er jafnframt kosið í Foreldraráð og Foreldrafélag. Í Foreldraráði Arnarbergs sitja núna fjórir fulltrúar foreldra, hlutverk ráðsins er að gæta hagsmuna barna og foreldra. Foreldraráðið fundar reglulega til að fara yfir þau mál sem snúa að þeim. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt um starfsáætlun skólans, skóladagatal og aðrar meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Jafnframt er foreldraráð kallað til vegna áfalla og annarra þátta er varða skólasamfélagið.

Sjö foreldrar sitja í foreldrafélagi Arnarbergs. Foreldrafélagið stendur fyrir og/eða kostar ákveðna viðburði svo sem jólagjöf frá jólasveininum, sumarhátíð að vori og útskriftarferð elstu barnanna. Það skipuleggur hreinsunardag að vori, þar sem nánasta umhverfi skólans er snyrt og samvera viðhöfð. Þá hefur foreldrafélagið gefið möppur sem fylgja hverju barni út leikskólagönguna þar sem safnað er meðal annars verkefnum og ýmsu sem tengst dvöl barnsins í leikskólanum. Við útskrift fær barnið sína möppu afhenta til eignar og minningar um tímann á Arnarbergi.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Góð samvinna hefur skapast milli grunn- og leikskóla. Helst hefur samvinnan verið við Lækjarskóla þar sem flest börnin sækja þann skóla eftir dvöl sína hér. Oft fara einhver börn í Víðistaðaskóla og er gott samstarf þar á milli, þó minna sé og ekki eins formlegt. Reglulegar heimsóknir hafa verið á milli Arnarbergs og Lækjarskóla. Börn í fyrsta bekk í Lækjarskóla hafa komið í heimsókn og átt stund með elsta árganginum. Elstu börnin fara í heimsóknir í Lækjarskóla, þar sem þau taka þátt í almennum kennslustundum, íþróttum og bókasafn

skólans heimsótt svo eitthvað sé nefnt. Komið hefur verið á samstarfi milli Lækjarskóla, Hörðuvalla og Arnarbergs varðandi leiðir til að styðja sem best við læsi og málþroska nemenda.

Skólaskilafundir eru ávallt haldnir að vori. Þá gefur sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum elstu barna fulltrúum frá grunnskólanum upplýsingar um stöðu þeirra barna sem notið hafa sérkennslu á einhvern hátt. Þá hafa niðurstöður úr HLJÓM-2 fylgt öllum börnum til grunnskólanna. Í ár voru skilin rafræn.

Ef mál barna eru veigamikil og þarfnast sértækra úrræða þá eru haldnir sér fundir svo mál barnsins fari í sem bestan farveg á nýju skólastigi.

5.4 Almennar upplýsingar

Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar má nálgast upplýsingar um Arnarberg, meðal annars starfsáætlun, skólanámsskrá og fleira www.hafnarfjordur.is/stadur/arnarberg/

Skipulagsdagar skólaárið 2025-2026:

22. ágúst

13. október kl. 8:00-10:00

14. nóvember

16. janúar

23. febrúar

16. mars kl. 8:00-10:00

22. apríl 12:30-16:30

24. apríl

Skráningardagar skólaárið 2025-2026

(Þessa daga þurfa foreldrar að skrá börn sín í skólann eigi þau að mæta)

20.-21. október - Vetrarfrí

22. desember - 2. janúar – Jólafrí

19.-20. febrúar – Vetrarfrí

30. mars -1. apríl – Páskafrí

11. júní – Sumarskráning hefst

5.5 Áætlanir

Þar sem heimasíða skólans hefur breyst eru eftirtaldar áætlanir ekki aðgengilegar með sama hætti og áður. Þær áætlanir sem eru sameiginlegar innan Hafnarfjarðarbæjar má finna inni á vefsvæðinu: www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/stjornkerfi/stefnur-og-samthyktir/

Aðgengi að áætlunum sem eiga eingöngu við Leikskólann Arnarberg eru sem stendur einungis á tölvutæku formi og/eða á pappír hér í skólanum.

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti
- ofbeldi
- annað
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - heimsfaraldri
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - rýmingaráætlun
 - vinnuverndaráætlun
 - öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)

Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

Hafnarfirði, 11. júlí 2025

Bjarney Kristín Hlöðversdóttir

Skólastjóri

Kristbjörg Helgadóttir

Aðstoðarskólastjóri